

## **Lög um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög 1994 nr. 159 31. desember**

### **1. gr.**

Ákvæði reglugerðar ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.) skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með áorðnum breytingum, þar sem bókunin er lögfest.

Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

### **2. gr.**

Ólöggráða einstaklingar og þeir sem hafa farið fram á greiðslustöðvun eða hafa bú sitt undir gjaldþrotaskiptum geta ekki verið aðilar að evrópskum fjárhagslegum hagsmunafélögum.

### **3. gr.**

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög mega ekki stunda þá starfsemi sem aðeins einstaklingar mega að lögum stunda.

### **4. gr.**

Firmaskrá getur farið þess á leit við héraðsdóm að hagsmunafélagi verði slitið ef félagið hefur ekki þá stjórn sem kveðið er á um í framangreindri reglugerð ráðs EBE eða stofnsamningi félagsins enda sé ekki ráðin bót á þeim ágalla fyrir lok frests er firmaskrá setur.

Firmaskrá getur einnig farið þess á leit við héraðsdóm að hagsmunafélagi verði slitið ef ákvæði 2. gr. eiga við.

### **5. gr.**

Ákvæðin um skilaneftarmeðferð í XIV. kafla laga um hlutafélög gilda einnig um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög eftir því sem við á.

### **6. gr.**

Um gjald fyrir skráningu hagsmunafélaga, svo og birtingargjöld o.fl., fer eftir þeim ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs er varða erlend félög.

### **7. gr.**

Sé eigi kveðið á um strangari refsingu í lögum skal beitt sekt við brotum á 7., 8., 10. eða 25. gr. í framangreindri reglugerð ráðs EBE.

Sé brot framið af hlutafélagi, einkahlutafélagi, samvinnufélagi eða öðrum lögaðila má sekta viðkomandi aðila sem slíkan.

### **8. gr.**

Ef stjórnandi, skilaneftdamaður eða aðili að hagsmunafélagi uppfyllir ekki í tæka tíð skyldur sínar á grundvelli laga þessara eða reglugerðar á grundvelli þeirra getur firmaskrá beitt dagsektum.

### **9. gr.**

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Í reglugerðinni má ákveða sektir vegna brota á ákvæðum hennar.

### **10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.